



Viðstaddir

Páll B. Guðmundsson

Ómar Einarsson

Einar Bjarnason

Ásthildur Helgadóttir

Einar K. Stefánsson

PBG

ÓE

EB

ÁH

EKS

SSH

ÍTR

Skíðavæðin

Kópavogur

VSÓ Ráðgjöf

29.08.2023

15239

Fundaritari

EKS / einar@vso.is

Forfallaðir

Magnús Árnason

Þorvaldur Daníelsson

Guðmundur Sverrisson

Tílefni

Verkefnahópur um uppbyggingu á Skíðasvæðunum

Fundur þriðjudaginn 29.08.2023 kl. 08:30.

1

Síðasta fundargerð

Síðasta fundargerð samþykkt.

2

Fjárhagsstaða/áætlanir

Áætlun fyrir 2023 sem gerð var í mars hljóðar upp á alls 1.287 m.kr, sem er um 33.5 m.kr lægri en samningur SSH segir til um.

Ýmsar litlar breytingar hafa orðið, ýmist til hækkunar eða lækkunar. Ekkert bendir til annars en árið endi skv. áætlun frá því í mars.

Í samningi SSH eru fráteknar 1.166 m.kr til framkvæmda á skíðasvæðunum árið 2024. Eins og áætlanir standa nú þá eru einu ákveðnu útgjöld árið 2024 lokagreiðsla til Doppelmayr upp á 235 m.kr. Samstarfsnefnd um rekstur skíðasvæðanna er með það verkefni að endurskoða áætlanir um verkefni og fjárfestingar og leggja fyrir SSH tillögur fyrir árin 2024-2027.

3

Skipulags og leyfismál

Byggingaleyfismál stjórnstöðvar við hlið Drottningar komust í lag í júlí.

4

Snjóframleiðsla 1. áfangi

Verkfundir hafa verið haldnir á tveggja vikna fresti í allt sumar. EKS hefur bókað á hverjum fundi stigvaxandi áhyggjur af stöðu verksins og skorti á áætlunum. EKS fékk uppfærðar áætlanir í gær og verður farið nánar yfir málið á verkfundi á morgun.

Verktími borunar eftir framleiðsluvatni var skilgreind í útboðsgögnum júlí-ágúst, en hófst ekki fyrr en 15. ágúst. Borun gekk mjög vel, en borinn festist þegar holan var komin nánast í fulla dýpt nú um helgina. Unnið er að losun borsins og stefnt að prófun holunnar á morgun. Þar til annað kemur í ljóst er reiknað er með því að holan sé með nægilega vatnsgæfni og allar forsendur fyrir dælu sem búið er að kaupa standist.

5

Næsti fundur

Stefnt er að næsta fundi þriðjudaginn 19.09.

Einar K. Stefánsson

Dreifing: Fundarmenn